

1. Fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða haldinn í fjarfundi miðvikudaginn 13. september 2023 kl 16.00. Fundinn sátu fulltrúar sem sveitarfélögin skipuðu á grunni erindis frá Fjórðungssamandi Vestfirðinga 26. maí 2023, en svör sveitarfélaga voru sem hér segir

Nafn	Sveitarfélag	Samþykkt sveitarstjórnar
Anna Vilborg Rúnarsdóttir	Vesturbyggð	Bæjarstjórnarfundur 384, 21. júní 2023
Jón Árnason	Vesturbyggð	Bæjarstjórnarfundur 384, 21. júní 2023
Ástrós Þóra Valsdóttir	Bolungarvíkurkaupstaður	Bæjarstjórnarfundur 794, 14. júní 2023
Baldur Smári Einarsson	Bolungarvíkurkaupstaður	Bæjarstjórnarfundur 794, 14. júní 2023
Arinbjörn Bernharðsson	Árneshreppur	Sveitarstjórnarfundur 5, 6. júní 2023
Eva Sigurbjörnsdóttir	Árneshreppur	Sveitarstjórnarfundur 5, 6. júní 2023
Guðlaugur Jónsson	Tálknafjarðarhreppur	Sveitarstjórnarfundur 614, 13. júní 2023
Lilja Magnúsdóttir	Tálknafjarðarhreppur	Sveitarstjórnarfundur 614, 13. júní 2023
Jón Sigmundsson	Strandabyggð	Sveitarstjórnarfundur 1348, 13. júní 2023
Matthías Lýðsson	Strandabyggð	Sveitarstjórnarfundur 1348, 13. júní 2023
Arnín Óladóttir	Kaldrananeshreppur	Sveitarstjórnarfundur 13 4. júní 2023
Finnur Ólafsson	Kaldrananeshreppur	Sveitarstjórnarfundur 13 4. júní 2023
Kristján Þ Kristjánsson	Ísafjarðarbær	Bæjarstjórnarfundur 516 1. júní 2023

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir	Ísafjarðarbær	Bæjarstjórnarfundur 516 1. júní 2023
Aníta Björk Pálinudóttir	Súðavíkurbhreppur	Sveitarstjórnarfundur 12. 9. júní 2023
Bragi Þór Thoroddsen	Súðavíkurbhreppur	Sveitarstjórnarfundur 12. 9. júní 2023
Arnþór Sigurðsson	Reykhólahreppur	Sveitarstjórnarfundur 495, 15. júní 2023
Árný Huld Haraldsdóttir	Reykhólahreppur	Sveitarstjórnarfundur 495, 15. júní 2023

Mætt voru Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Jón Árnason, Arinbjörn Bernharðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Aníta Björk Pálinudóttir, Lilja Magnúsdóttir, Anna Vilborg Rúnarsdóttir og Matthías Lýðsson. Guðlaugur Jónsson og Arnlín Óladóttir gátu ekki tengst fundinum vegna tæknimála.

Auk þeirra sátu fundinn starfsmenn Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðpróunar og Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfis og loftlagsmála.

Boðuð dagskrá.

1. Kynning fulltrúa
2. Kosning formanns og varaformanns svæðisskipulagsnefndar
3. Hugmyndir að lýsingu svæðisskipulags og mögulegar tengingar við aðra stefnumótun á Vestfjörðum s.s. Sóknaráætlun Vestfjarða, Svæðisáætlun um sorp, loftlagsstefnu sveitarfélaga.
4. Umræða um val á skipulagsráðgjafa og aðra framkvæmd (sjá bréf til sveitarfélaga 26. maí s.l.)
5. Önnur mál

Aðalsteinn setti fundinn og gerði grein fyrir fundarboði og kannaði hvort athugasemd væri við boðun fundarins og dagskrá hans. Engin athugasemd kom fram.

Gengið til dagskrár.

1. Kynning fulltrúa.

Fulltrúar svæðisnefndar kynntu sig.

2. Kosning formanns og varaformanns svæðisskipulagsnefndar.

Samþykkt að fresta þessum lið til næsta fundar og fela Aðalsteini stjórnun fundarins.

3. Hugmyndir að lýsingu svæðisskipulags og mögulegar tengingar við aðra stefnumótun á Vestfjörðum s.s. Sóknaráætlun Vestfjarða, Svæðisáætlun um sorp, loftlagsstefnu sveitarfélaga.

Aðalsteinn kynnti aðdraganda að starfi nefndarinnar og vísaði til samþykktar sveitarfélaganna um stofnun nefndarinnar á grunni ályktunar 67. Fjórðungshings Vestfirðinga að hausti.

Hann fór yfir almenn atriði varðandi upphaf vinnu að svæðisskipulagi og vanda yrði við gerð lýsingar. Tenging svæðisskipulags við aðrar áætlanir sveitarfélaga og ríkisins og hvernig svæðisskipulag setti framtíðarsýn fyrir áætlanir sveitarfélaga en sem lögbundið ferli setti það einnig afgerandi mörk fyrir áætlanir stjórnvalda. Hann kynnti einnig að margþætt gögn lægju nú þegar fyrir að hálfu sveitarfélaganna, Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu, sem nýttust við vinnu að skipulagi.

Til máls tóku Baldur og Eva.

Rætt um áætlaðan starfstíma sem talin er geta verið 2 til 3 ár eftir því hvert verður þema skipulagsins. Eins rætt um mikilvægi þess að vinna af þessu tagi væri hafin.

4. Umræða um val á skipulagsráðgjafa og aðra framkvæmd

Aðalsteinn vísaði til bréfs til sveitarfélaga á Vestfjörðum 26. maí s.l. verkþætti og röðun þeirra. Hann tjáði þá skoðun að ráða yrði skipulagsráðgjafa til að vinna með nefndinni. Þekking væri til staðar innan Vestfjarðastofu er varðaði gerð svæðisskipulags, en líklega tæki sú vinna lengri tíma en ef skipulagsráðgjafi yrði fengin til að leiða hina faglegu vinnu. Vestfjarðastofa myndi hinsvegar geta leitt og eða leggja til þekkingu á málefnum Vestfjarða og þeim áætlunum og verkefnum sem unnið er að eða eru í undirbúningi.

Hann kynnti hvaða skipulagsráðgjafar hafa komið að gerð svæðisskipulagsvinnu á síðustu árum en val á þeim yrði að gerast með verðkönnun og eða útboði, væri æskilegt að leita til Ríkiskaupa um ráðgjöf hvað það varðar.

Til máls tóku Baldur, Eva, Lilja, Arinbjörn, Bragi og Matthías

Rætt um að forsendur við vali á skipulagsráðgjafa, reynsla, þekking á aðstæðum, gagnasafn viðkomandi aðila og getu til að afla upplýsinga, yrði hafa til hliðsjónar samhliða samanburði á verði á tíma.

Hjörleifur tók til máls og lýsti umfangi lýsingu á svæðisskipulags, sem hann telur undirstrika nauðsyn á fá skipulagsráðgjafa til vinnunnar. Hann ræddi hvernig almenn atriði svæðisskipulags hjálpi til vinnu að gerð svæðisáætlunar um úrgang sem vinna á að á næstu mánuðum.

Aðalsteinn lagði fram tillögu.

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða heimilar sviðsstjóra að móta tillögu að ramma tilboðs eða verðkönnunar um val á skipulagsráðgjafa og leita ráðgjafar Ríkiskaupa við það verkefni. Tillagan verði lögð fyrir svæðisskipulagsnefnd á næsta boðaða fundi eða leitað samþykkis í tölvupósti með staðfestingu á næsta boðaða fundi.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Næsti fundur er boðaður laugardaginn 7. október kl 14.00, í Félagsheimilinu Bolungarvík

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.50.